



Til góðra verka! Orlofssjóður



Orlof 2010

Orlofshús á 12 stöðum um allt land



1. verðlaun:
Canon PowerShot SX200 myndavél



Orlofssjóður

Stjórn Orlofssjóðs:

Snorri Hallgrímsson
Egilsstaðir, formaður

Ari Hallgrímsson
Vopnafjörður, ritari

Oddrún Ósk Pálsdóttir
Fáskrúðsfjörður, meðstjórnandi

Einar Már Kristinnson
Eskifjörður, meðstjórnandi

Amanda Sunneva Joensen
Reyðarfjörður, varamaður

Myndakeppni

Sumarið 2010

efnir AFL Starfsgreinafélag til myndasamkeppni um bestu myndina af eða úr sumardvalarstöðum félagsins.

Veitt verða 13 verðlaun, ein fyrir hvern stað.

Verðlaunin:

1. Glæsileg Canon myndavél.
- 2.–13. Helgardvöl í orlofsíbúðum félagsins á Akureyri og í Reykjavík.

Myndir sendist á myndir@asa.is í upprunalegri upplausn, fyrir 1. september 2010. AFL Starfsgreinafélag áskilur sér birtingarrétt á öllum innsendum myndum. Upplýsingar um vinningshafa verða birtar á heimasíðu félagsins þann 10. september 2010.

Úthlutunarreglur orlofshúsa AFLs

Orlofshús AFL Starfsgreinafélags eru eingöngu til útleigu fyrir félagsmenn AFLs og gildir þá einu hvort um er að ræða greiðandi félagsmann, eldri borgara eða öryrkja, svo framarlega að viðkomandi hafi verið greiðandi til félagsins þegar hann hvarf af vinnumarkaði.

Orlofshúsin skulu auglýst til sumarleigu eigi síðar en 15. apríl. Úthlutun skal fara fram eigi síðar en 15. maí.

Félagsmenn skulu sækja um eina sérstaka viku, og hafa rétt til að tilgreina eina viku til vara hvort heldur sem er á sama stað eða öðrum.

Sækja skal um á þar til gerðu umsóknarblaði.

Þeir félagsmenn sem ekki hafa fengið úthlutun síðastliðin þrjú ár hafa forgang.

Ef of margar, jafnrétt háar, umsóknir berast um sömu viku á sama stað skal úrdráttur ráða.

Leigugjald skal greitt eigi síðar en tveimur vikum eftir úthlutun. Þeim vikum sem ekki hefur borist greiðsla fyrir innan tveggja vikna frá úthlutun, skal úthlutað aftur.



AFL Starfsgreinafélag

Miðvangur 2-4
700 Egilsstaðir
s. 4700 300

Til góðra verka! asa@asa.is • www.asa.is



Til góðra verka! Orlofssjóður

Félagsmenn!

Nú er rétti tíminn til að sækja um
sumarbústað sumarið 2010

Staðir í boði í sumar:

1	Einarsstaðir	04. júní - 27. ágúst	4
2	Illugastaðir	04. júní - 27. ágúst	5
3	Glaðheimar	04. júní - 27. ágúst	6
4	Þurranes	11. júní - 20. ágúst	7
5	Húsafell	04. júní - 27. ágúst	8
6	Stóru-Skógar	11. júní - 20. ágúst	9
7	Munaðarnes	04. júní - 27. ágúst	10
8	Ölfusborgir	11. júní - 20. ágúst	11
9	Úlfjótsvatn	11. júní - 20. ágúst	12
10	Brekuskógur	04. júní - 27. ágúst	13
11	Úthlíð	11. júní - 20. ágúst	14
12	Klifabotn	04. júní - 27. ágúst	15



Umsóknarfrestur er til 15. apríl.
Úthlutun fer fram 19. apríl á skrifstofu
AFLs á Reyðarfirði.

Umsóknir á skrifstofu AFLs eða á www.asa.is



Einarstaðir á Völlum

Leiga allt árið, úthlutun 4. júní - 27. ágúst.



Einarstaðir eru á Fljótsdalshéraði, í 12 km fjarlægð frá Egilsstöðum, stutt er inn í Skriðuklaustur og í Hallormsstaðaskóg. Um 100 km eru inn að Kárahnjúkastöð. Heitur pottur er ekki við bústaðinn.

Stærð 45 m², þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi með sturtu og lítið anddyri.

Svefnaðstaða er fyrir átta manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm með rúmi yfir, í þriðja herberginu er koja.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavél, ísskápur, gasgrill (gas fylgir, afgang hjá umsjónarmanni), pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir átta manns fylgir. Lín fylgir ekki en hægt er

að fá það leigt fyrir 800 kr. settið, baðhandklæði fyrir 250 kr. (sækja og greiða þarf fyrir línið hjá umsjónarmanni).

Þjónusta: Leikvöllir eru á svæðinu fyrir börn. Mini-golf er á svæðinu og það fylgja 2 golfkylfur og kúlur hverju húsi. Á Egilsstöðum er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matvöruverslanir, matsölastaði, apótek, flugsamgöngur, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum og fleiru.

Lykla og eftirlit með bústöðunum hefur Guðni Hermannsson, sími: 861-8310.



Lyklar og eftirlit með bústaðnum er í Þjónustumiðstöðinni á Illugastöðum hjá Jóni Þóri Óskarssyni, sími 462-6199.

Illugastaðir

Hús nr. 32, leiga allt árið. Hús nr. 32, 16 og 4, í úthlutun 4. júní - 27. ágúst.



Illugastaðir eru í Fnjóskadal um 10 km innan við Vaglaskóg, til Akureyrar eru 45 km. Stutt er í Goðafoss og Ljósavatn. Heitur pottur er við bústaðinn.

Stærð 45 m², tvö svefnherbergi, eldhús, stofa, baðherbergi með sturtu og lítið anddyri.

Svefnaðstaða er fyrir átta manns, tvíbreitt rúm í öðru herberginu og tvær kojur í hinu. Tvíbreiður sófi er í stofunni. Einnig fást lausar dýnur í þjónustumiðstöð.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavél, ísskápur, örbylgjuofn, gasgrill (gas fylgir, afgreitt í þjónustumiðstöð), borðbúnaður, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki

en hægt að fá það leigt fyrir 1000 kr. settið, handklæði fyrir 300 kr.

Þjónusta: Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur, gufubað og lítil verslun í Þjónustumiðstöðinni, opnun auglýst á staðnum. Leikvöllur er á svæðinu með skemmtilegum leiktækjum fyrir börnin. Mini-golf er á svæðinu, golfkylfur og kúlur eru leigðar út í sundlauginni. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í Fnjóskadal, hægt er að fá kort í þjónustumiðstöð. Á Akureyri er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsölustaði, matvöruverslanir, sundlaug, flugsamgöngur, apótek, ofl.



Glaðheimar

4. júní – 27. ágúst 2010



Glaðheimar eru á Blönduósi. Bústaðurinn er í hvamminum neðan við Þjóðveg 1, 248 km frá Reykjavík og 142 km frá Akureyri. Golfvöllur er í 2 km fjarlægð. Heitur pottur og góður pallur er við bústaðinn.

Stærð 56 m², tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofa og eldhúskrókur.

Svefnaðstaða er fyrir sex manns. Í herbergjunum eru tvíbreið rúm, í stofu er tvíbreiður svefnsófi, hægt er að fá dýnur ef óskað er.

Búnaður: Sjónvarp með DVD spilara, útvarp, örbylgjuofn og eldavél, gasgrill, ísskápur, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir

sex manns. Lín fylgir ekki, hægt er að fá það leigt fyrir 1200 kr. settið, handklæði fylgir með.

Þjónusta: Hægt er að komast í þvottavél og þurrkara eftir samkomulagi.

Verslun er í göngufæri og einnig sundlaug, matsölastaðir, söfn, verkstæði, apótek, sundlaug, bensínsala o.fl.

Lyklar eru í lykklaskáp utan á húsinu og stéttarfélagið sér um að afhenda númerið að skápnunum. Umsjónarmaður er Lárus B. Jónsson, sími 820-1300.



Lyklar og eftirlit með bústaðnum hafa ábúendur í Þurranesi, Ólafur og Ingunn, sími 434-1556 og 847-8660.

Þurranes

11. júní - 20. ágúst



Þurranes er í Dalabyggð í Dalasýslu. Bústaðurinn stendur í hlíðinni fyrir ofan bæinn. Um 38 km eru í Búðardal og svipað í Hólmavík. Um 37 km að Reykhólum. Pallur með heitum potti er við húsið.

Stærð 43 m², tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofa með eldhúskrók og svefnloft.

Svefnaðstaða er fyrir að minnsta kosti sex manns. Í herbergjunum eru tvíbreið rúm, á svefnlofti eru tvær dýnur og hægt að fá fleiri ef þess er óskað.

Búnaður: Sjónvarp með DVD spilara, útvarp, örbylgju- og grillofn og eldunarhellur, kolagrill, ísskápur með mjög litlu frystihólfi, pottar,

pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir að minnsta kosti sex manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1000 kr. settið, handklæði 300 kr.

Þjónusta: Hægt að komast í þvottavél eftir samkomulagi. Ef tjaldað er við húsið er tekið gjald fyrir það. Matvöruverslunin á Skriðulandi er í 2,4 km. fjarlægð. Að Laugum í Sælingsdal eru 15 km, þar er byggðasafn, sundlaug, Edduhótel, íþróttahús og tækjasalur. Á Reykhólum er sundlaug, hlunnindasýning (dúnn, selur ofl.). Í Búðardal og Hólmavík er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsölustaði, matvöruverslanir, verkstaði, apótek ofl.



Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð hjá Sigríði Snorradóttur, sími 435-1550, gsm 862-3071.

Húsafell

Stórarjóður 4, 4. júní – 27. ágúst. / www.husafell.is



Húsafell er í Borgarfirði í um 60 km fjarlægð frá Borgarnesi og 124 km frá Reykjavík. Stutt er í Hraunfossa, Barnafoss og Surtsheili. Reykholt er í um 24 km fjarlægð. Heitur pottur er á sólpalli við húsið.

Stærð 53 m², tvö svefnherbergi, sofa, eldhús, baðherbergi með sturtu, forstofa og svefnloft.

Svefnaðstaða er fyrir sex manns, rúm fyrir fjóra, eitt hjónaherbergi með tvíbreiðu rúmi og annað með koju, barnarúm og þrjár stórar dýnur eru á svefnlofti.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp og allur almennur eldhúsbúnaður fyrir átta manns, örbylgjuofn, eldavél með bakarofni og ísskápur með litlu

frystihólf, kolagrill. Hægt er að þvo þvott í þjónustumiðstöðinni og í sundlaugarbyggingunni. Sængur og koddar fyrir sex manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1000 kr. settið, eitt handklæði innifalið.

Þjónusta: Í þjónustumiðstöð er hægt að fá helstu nauðsynjar í mat og drykk auk eldsneytis. Sundlaug er á staðnum, fyrir neðan hana eru leiktæki fyrir börn. Í sundlauginni er hægt að fá upplýsingar um gönguleiðir, greiða vallargjald á golfvöll, ofl. Varðeldur er á hverju laugardagskvöldi frá 19. júní til 31. júlí.



Stóru-Skógar

Hús nr. 12, 11. júní - 20. ágúst.



Stóru-Skógar eru í Borgarfirði í 22 km fjarlægð frá Borgarnesi, í Varmaland eru um 8 km og stutt er í Bifröst þar sem er fallegur golfvöllur. Heitur pottur er við bústaðinn.

Stærð 54 m², þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi með sturtu og anddyri, stór verönd er við húsið.

Svefnaðstaða, rúm er fyrir sex, tvíbreitt rúm er í hjónaherbergi og koja fyrir tvo í tveimur herbergjum, barnarúm.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavel með ofni, kolagrill, ísskápur með litlu frystihólfi, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt

er að fá það leigt fyrir 800 kr. settið (afhent í Þjónustumiðstöð), handklæði fyrir 500 kr.

Þjónusta: Í Þjónustumiðstöðinni er lítil verslun, leikjasalur, þvottavél, þar er einnig hægt að fá gönguleiðakort og lánuð barnarúm og barnastól. Á svæðinu eru vel búin leiksvæði fyrir börn. Stutt er í söluskálann Bauluna. Í Borgarnesi er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, matsölustaði, matvöruverslanir, apótek ofl.

Lyklar eru afhentir í Þjónustumiðstöðinni, umsjónarmaður er Sævar Geirsson, sími 525-8440.



Munaðarnes

Hús nr. 13, 4. júní - 27. ágúst.



Munaðarnes er í Borgarfirði í 22 km fjarlægð frá Borgarnesi, í Varmaland eru um 8 km, stutt er í Bifröst, þar er fallegur golfvöllur, einnig er stutt í Ullarselið á Hvanneyri. Heitur pottur er við bústaðinn.

Stærð 54 m², tvö svefnherbergi, eldhús, stofa, baðherbergi með sturtu og anddyri.

Svefnaðstaða er fyrir fimm til sex manns, í öðru herberginu er tvíbreitt rúm með rúmi yfir og í hinu er tvíbreitt rúm.

Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns. Ísskápur með litlu frystihólf, eldavél með ofni og gasgrill. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 800 kr. settið,

handklæði eru ekki innifalin eða leigð.

Þjónusta: Í Þjónustumiðstöðinni er lítil verslun, leikjasalur, þvottavél, þar er einnig hægt að fá gönguleiðakort og lánuð barnarúm og barnastól. Rétt við húsið er vel búið leiksvæði fyrir börn. Stutt er í söluskálann Bauluna. Í Borgarnesi er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, matsöluastaði, matvöruverslanir, apótek ofl.

Lyklar eru afhentir í Þjónustumiðstöðinni, umsjónarmaður er Sævar Geirsson, sími 525-8440.



Ölfusborgir

Hús nr. 4, 11. júní - 20. ágúst.



Ölfusborgir eru í þægilegu göngufæri frá Hveragerði. Á Selfoss eru 13 km og til Reykjavíkur eru 45 km. Stutt er á Þingvöll, í Strandakirkju, Þorlákshöfn og Eyrarbakka. Heitur pottur er við bústaðinn.

Stærð 45 m², tvö svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi með sturtu og anddyri.

Svefnaðstaða er fyrir fjóra til fimm, tvöfalt rúm er í stærra herberginu og koja í því minna, ein auka dýna fylgir.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavel, gasgrill (gas fylgir, afgreitt í Þjónustumiðstöð), ísskápur með litlu frystihólfi, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir sex manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 600

kr. settið, handklæði og viskastykki fyrir 200 kr. stykkið.

Þjónusta: Upplýsingar ferðamála í Sunnumörk í Hveragerði. Sundlaug og gufubað að Laugaskarði í um 2 km fjarlægð. Golfvöllur er inni í dal. Í Hveragerði er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsöluþaði, matvöruverslanir, verkstæði, apótek ofl.

Lyklar eru í lyklaboxi á húsinu, númer á leigusamningi. Þjónustumiðstöð er opin mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12:30–16:00 og á föstudögum frá kl. 15:00–20:30. Sími 483-4260.



Úlfljótuvatn

Hús nr. 4, 11. júní - 20. ágúst.



Úlfljótuvatn. Bústaðurinn er við suðurenda Úlfljótuvatns. Á Selfoss eru um 20 km, stutt er í Skálholt, á Þingvöllum, Gullfoss og Geysi. Til Reykjavíkur eru um 50 km Nesjavallaleið. Heitur pottur er við bústaðinn.

Stærð 48 m², tvö svefnherbergi, sofa, eldhúskrókur, baðherbergi með sturtu og anddyri, auk þess er svefnloft yfir hluta hússins.

Svefnaðstaða er fyrir sex til átta manns, tvíbreitt rúm í öðru herberginu og tvö stök rúm í hinu, fjórar dýnur eru á svefnloftinu.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavel með ofni, kolagrill, isskápur með litlu frystihólf, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar

fyrir átta manns fylgja. Lín er ekki innifalið, hægt er að fá það leigt fyrir 800 kr. settið, stórt handklæði fyrir 300 kr.

Þjónusta: Gestir hafa aðgang að bátum og veiði í vatninu. Þjónustumiðstöðin Úlfljótsskáli er opinn samkvæmt auglýsingu á staðnum. Þar er þvottavél, leiktæki fyrir börn, aðstaða fyrir gesti, gufubað ofl. Á Selfossi er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, matsölustaði, matvöruverslanir, apótek ofl.

Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöðinni, forstöðumaður er Pétur Ingi Frantzson, sími 482-2696.



Lyklar eru í Brekkupingi hjá umsjónarmanni, Ormari Þorgrímssyni, símar 486-8801 og 897-8801.

Brekkuskógur

Hús nr. 10, 4. júní - 27. ágúst.



Brekkuskógur í Bláskógabyggð er um 17 km austan við Laugarvatn, í Skálholt eru um 18 km, og stutt í Gullfoss og Geysi. Á Selfoss eru um 65 km. Heitur pottur er við bústaðina.

Stærð 46 m², tvö svefnherbergi, stofa, forstofa, eldhús, baðherbergi með sturtu, auk svefnlofts. Sólþallur er við húsin ásamt fjórum sólstólum, borði og kolagrilli.

Svefnaðstaða er fyrir átta. Rúm fyrir fjóra, hjónarúm ásamt barnarúmi í öðru herberginu og kofa í hinu, fjórar dýnur á svefnlofti.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, borðstofuborð og stólar fyrir 6 manns, barnastóll, eldavél, bakaraofn, örbylgjuofn og ísskápur með litlu

frystihólf. Eldhúsáhöld og borðbúnaður, sængur og koddar fyrir sex manns, lín fylgir ekki, hægt er að fá það leigt fyrir kr. 900 settið, stórt handklæði fyrir 300 kr. og lítið 200 kr.

Þjónusta: Í Þjónustumiðstöð er sjónvarp, myndbandstæki, bókasafn, þvottavél og salur til sameiginlegra afnota fyrir gesti. Þar er einnig gufubað og heitir pottar. Lykill að bústað gengur að gufubaði, heitum pottum og salnum í Brekkupingi. Verslanir eru á Laugarvatni og í Reykholti. Á Selfossi er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, matsölustaði, matvöruverslanir, apótek, verkstæði ofl.



Lyklar eru afhentir í Þjónustumiðstöðinni.
Símar: 486-8770 og 699-5500.
Tölvupóstur: uthlid@uthlid.is.

Úthlið

Breiðabunga, 11. júní – 20. ágúst.



Úthlið er í Biskupstungum, um 20 km austan við Laugarvatn, um 14 km eru í Reykholt og stutt á Gullfoss og Geysi. Á Selfoss eru um 45 km. Heitur pottur er við bústaðinn.

Stærð 60 m², þrjú svefnherbergi, sofa, eldhús, baðherbergi með sturtu og lítið anddyri.

Svefnaðstaða er fyrir sjö manns, eitt herbergi er með tvíbreiðu rúmi og rúmi yfir, annað með tvíbreiðu rúmi og það þriðja með kojú.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavél, örbylgjuofn, kaffikanna, gasgrill, ísskápur með litlu frystihólfi, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir sjö manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1.500

kr. settið, baðhandklæði innifalið, afhent í þjónustumiðstöð, gott að panta það fyrirfram.

Þjónusta: Í Þjónustumiðstöð er veitingasala, bar, lítil verslun, sundlaug, leiksvæði, bensínstöð, golfvöllur og hestaleiga. Hægt er að fá aðgang að þvottavél í neyðartilfellum. Úthliðarkirkja er góður vegvísir inn á svæðið. Verslanir eru á Laugarvatni og í Reykholti. Á Selfossi er hægt að sækja alla almenna þjónustu. Skipulögð skemmtidagskrá er um flestar helgar, og stundum í miðri viku, nánari upplýsingar á www.uthlid.is.



Klifabotn

Leigt allt árið, úthlutun 4. júní - 27. ágúst.



Klifabotn er við Strandaháls austan við Laxá í Lóni, 30 km austan við Hornafjörð. Stutt er í Lónsöræfi. Heitur pottur er við bústaðinn.

Stærð 60 m², þrjú svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofa, eldhús og forstofa.

Svefnaðstaða. Rúm fyrir átta manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm með rúmi yfir og í þriðja herberginu eru kojur.

Búnaður. Sjónvarp, útvarp, eldavel, gasgrill, ísskápur, barnastóll, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir átta manns fylgir. Lín er ekki innifalið en hægt er að fá það leigt fyrir 800 kr. settið, handklæði fyrir

250 kr. Lín er afhent og greitt á sömu stöðum og lykklar.

Þjónusta: Leiksvæði er á svæðinu. Á Hornafirði er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsölastaði, matvöruverslanir, sundlaug, flugsamgöngur, verkstaði, apótek og fleira.

Lyklar og eftirlit með bústaðnum er í Hvammi í Lóni hjá Guðnýju Steindórsdóttur, sími 866-8872. Lyklar fást einnig afhentir á skrifstofu AFLs á Hornafirði.



Umsjónarmaður. Jónas Helgason s. 0034 637 913 281.
Heimasíða umsjónarmanns www.spain-casa.com/casa/
Sækja þarf lykil á skrifstofu félagsins fyrir brottför.

Torre Vieja

La Mata - Spánn / úthlutað verður 10. mars (laus tímabil verða auglýst sérstaklega)



Alicante er í um 30 mín. akstursfjarlægð en þangað er reglubundið flug frá Íslandi. Hverfið sem húsið stendur í heitir La Mata, rólegt og gott hverfi og er í u.þ.b. 10 mín akstursfjarlægð frá miðbæ Torre Vieja. Þar er margskonar þjónusta, vatnsrennibrautagarður, veitingastaðir, diskótek, útímarkaðir og stórir verslunarkjarnar. Það er um 5 mín. gangur á La Mata Beach sem er flottasta ströndin á svæðinu.

Stærð um 70-80 m², þrjú svefnherbergi, rúm fyrir átta. Baðherbergi á báðum hæðum. Af efri hæð er gengt á stórar sólbaðssvalir með útsýni út á Miðjarðarhafið. Af neðri hæð er gengt á minni vel búnaðarvalir. Stór sundlaug er í garðinum, tveir tennisvellir, tennispaðar, fótboltavöllur og

rólóvöllur tilheyra einnig raðhúsallengunni.

Búnaður: Húsgögn, búsáhöld, fullkomin loftkæling, rúmfatnaður, handklæði og stranddót fylgir.

Staðsett: Calle Las Mimosas, La Mata, Torre Vieja, Spáni (blokk 9, íbúð 9, inngangur á þriðju hæð).

Svæðið og nágrennið. Í nágrenni Torre Vieja eru ýmsir áhugaverðir staðir og borgir: Máraborgin Murcia þar sem gefur að líta sögulegar byggingar og söfn. Strandbærinn Benidorm með sínum vatnsrennibrauta- og skemmtigörðum. Borgin Elche þar sem hægt er að komast í álvöru safari með öllu tilheyrandi. Eyjan Isla de Tabarca sem stendur rétt fyrir utan Alicante og þannig má lengi telja.



Umsóknir 2010

Síðasti umsóknardagur 15. apríl 2010.



Umsóknir fyrir sumarið 2010

Tekið er við umsóknum vegna orlofsdvalar í húsum AFLs starfsgreinafélags til loka dags 15. apríl. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar fyrir.

Úthlutun

Þann 19. apríl fer fram úthlutun á opnum fundi að Búðareyri 1 á Reyðarfirði og staðfestingarbréf verða síðan send til allra hvort sem þeir fengu úthlutað eða ekki.

Staðfesting

Staðfesta þarf og greiða fyrir bústaðina fyrir 30. maí annars verða þeir leigðir öðrum.

Umsóknareyðublöð


Umsóknareyðublöð fást á skrifstofum AFLs. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.asa.is.

Skiptidagar eru á föstudögum

Á leigusamningnum sjálfum eru nánari upplýsingar varðandi komu- og brottfarartíma í hverjum bústað.

Engin gæluðyr

Heimilisdyr eru ekki leyfð í orlofshúsunum eða á orlofssvæðunum.



Eddu Hótel www.hoteledda.is

Gerður var samningur við Eddu hótelin um ódýrari gistingu fyrir félagsmenn. Gistinóttin fyrir tveggja manna herbergi með vaski (ekki með baði) kostar kr. 5.500.- og fást ávísanir þar að lútandi á næstu skrifstofu AFLs. Staðsetning Edduhótel, www.hoteledda.is

FOSSHOTEL

VINALEGRI UM ALLT LAND

Fosshótel www.fosshotel.is

Gerður var samningur við Fosshótel um ódýrari gistingu fyrir félagsmenn. Hægt er að kaupa miða fyrir kr. 7.000.- á næstu skrifstofu AFLs og telst hann greiðsla fyrir gistinguna. Bóka þarf gistingu á viðkomandi Fosshótel.

Gistihús Keflavíkur

Bed and Breakfast

KEFLAVÍK
KEFLAVÍK AIRPORT

Gistihús Keflavíkur

Gerður var samningur við Gistihús Keflavíkur um gistingu fyrir þá sem eru á leið erlendis. Gisting fyrir tvo í herbergi kostar kr. 6.000.- Fyrir þrjá í herbergi kr. 7.500.- Fyrir fjóra í herbergi kr. 9.000.- fyrir fimm í herbergi kr. 10.500.- fyrir sex í herbergi kr. 12.000.- Morgunmatur ásamt ferð til og frá flugvelli er innifalið í verðinu. Bókanir í síma 426 5000. Framvísa þarf félagsskirteini við greiðslu gistingar.

Aðrir orlofskostir

og afslættir sem nýttast vel í fríinu.



FA Travel

AUSTFAR

Austfar

Félagið niðurgreiðir ferðir á vegum ferðaskrifstofunnar um kr. 7.500.- fyrir hvern félagsmann. Að auki veitir Austfar kr. 3.000.- afslátt á móti.

www.smyril-line.is

Ferðaskrifstofa Austurlands

Félagið niðurgreiðir bókunargjald ferða um 50%, og kr. 7.500.- af fargjaldi fyrir fyrstu 100 bókanirnar.

www.fatravel.is



Spalarmiðar

Félagið hefur gert samning um ódýrari ferðir í gegnum Hvalfjarðargöng. Félagsmaður getur komið við á næstu skrifstofu AFLs og keypt sér miða í göngin á kr. 500.- stykkið.



Jarðböðin við Mývatn www.jardbodin.is.
Félagsmenn í AFLi og fjölskyldur þeirra fá
15% afslátt af aðgangseyri (ekki veitingum).

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN



Útilegukort
www.utilegukort.is
Félagið niðurgreiðir
útilegukort til
félagsmanna og eru
þau seld á kr. 8.000,- á
næstu skrifstofu AFLs.
Útilegukortið er ætlað
til nota á tjaldstæðum
viðsvegar um landið.

Fellihýsi/tjaldvagnar

Félagið niðurgreiðir leigu á fellihýsum og
tjaldvögnum til félagsmanna um kr. 10.000
gegn framvísun á kvittun frá leigusala.

**Munið að sýna félagsskírteini
þar sem afsláttur er veittur.**



Sækjum Austurland heim

Ævintýraveröld við úttýrnar

Ferðaávisun AFLs

Í samvinnu við Ferðaskrifstofu Austurlands og ferðapjónustuaðila á Austurlandi mun AFL bjóða félagsmönnum sínum að njóta afþreyinga og útivistar í fjórðungnum. Félagsmenn munu geta keypt „ferðaávisanir“ á skrifstofum AFLs og notað þær til að greiða fyrir þjónustu hjá völdum ferðapjónustuaðilum á svæðinu.

AFL og Ferðaskrifstofa Austurlands munu birta lista yfir þau ferðapjónustufyrirtæki sem samningar hafa náðst við um þessa þjónustu – og við áskiljum okkur rétt til að setja ný

fyrirtæki inn og fjarlægja önnur af listanum þegar það á við.

Grundvöllur þess að AFL niðurgreiði þjónustu til félagsmanna hjá völdum fyrirtækjum er að hjá fyrirtækjunum starfi félagsmenn AFLs og að laun og önnur kjör fari eftir kjarasamningum í það minnsta. Ennfremur að fyrirtækin standi skil á iðgjöldum félagsmanna.

Með þessu er félagið að reyna að stuðla að því að viðskipti félagsmanna okkar beinist til fyrirtækja er virða kjarasamninga.



Ferðaávisun AFLs

Augljós ávinningur og ávisun á góða skemmtun



FA Travel

Ferðaávisanirnar verða af tveimur gerðum:

1. **5.000 króna ávisun** – verður seld á kr. 2.500 á skrifstofum félagsins.
2. **10.000 króna ávisun** – verður seld á kr. 5.000 á skrifstofum félagsins.

Reglur um notkun ávisanna eru einfaldar.

1. Vegna viðskipta allt að krónur 30.000 má nota að hámarki 10.000 króna ávisun.
2. Vegna viðskipta allt að krónur 50.000 má nota að hámarki tvær 10.000 króna ávisanir.
3. Vegna viðskipta 50.000 kr. og hærra má nota eina 10.000 kr. ávisun pr. 40.000 kr í viðskiptum.



Við höfum öll miklar væntingar til sumarleyfisins og ekki síst þegar fara á í sumarhús eða tjaldferðalag. Og þannig er það einnig með aðra meðlimi fjölskyldunnar – væntingarnar eru miklar.

Því miður kemur fyrir að minningar um sumarleyfið eru ekki eins góðar og að var stefnt og hér ætlum við í örstuttu máli að tæpa á nokkrum atriðum sem ber að varast og kannski einhverjum atriðum sem geta hjálpað til við að gera fríið eins gott og unnt er.

Sumarfrí - eintóm sæla eða hvað?

10 góð ráð þegar halda skal í sumarfrí

Atriði til umhugsunar:

1. Fríið er frí allra í fjölskyldunni. Börn og unglingar hafa oft miklar væntingar til sumarleyfisins.
2. Samverustundir sem lifa í minningunni eru ekki endilega þær sem mest er haft fyrir og kosta mest. Að spila Olsen Olsen við pabba og mömmu í hálf tíma er kannski mun merkilegri stund en „snjósleðaferð“.
3. Áfengi getur verið gott í hófi fyrir þá sem með kunna að fara. En áfengi hefur líka spilt sumarleyfum fyrir fleirum en rigningar og vond veður.
4. Langir áfangar í bíl geta verið smáfólkinu erfiðir. Ef allir eiga að njóta ferðarinnar verðum við að gefa börnum og unglingum tækifæri til að hreyfa sig og hvíla sig á akstrinum af og til.
5. Við erum kannski ekki vön því að eyða heilum dögum í svo mikilli nærveru við maka og börn eins og gerist í sumarfríum – það er ekki sjálfgefið að allir séu alltaf í góðu skapi.

Gott að muna:

1. Það eru yfirleitt langir áfangar þegar Austfirðingar fara í frí í aðra landshluta. Reiknum okkur góðan tíma og tókum daginn snemma. Við skulum reikna með að stoppa oft en ekki og hafa meðferðis nesti og mögulega bolta eða annað til að koma yngri kynslóðinni á smáhreyfingu á áfangastaðum.

Ef við erum t.d. búsett á Mið-Austurlandi og ætlum í bústað félagsins við Úlfjótsvatn getum við reiknað með allt að átta tímum bara í akstur. Það er langur tími fyrir börn og unglinga að sitja innilokað í bíl og sjá bara bakið á framsætinu. Það má stytta ferðina mikið með því að stoppa oft í stutta stund í einu og 1 – 3 í lengri tíma. Það eru sundlaugar út um allt þannig að það má gera ýmislegt til skemmtunar á leiðinni.

2. Tökum með okkur nesti á lengri ferðum. Það bæði sparar peninga því það er dýrt að fæða alla fjölskylduna í þjóðvegaverslunum – og svo eru það góðar samverustundir að snæða nesti saman á fallegum stað.

3. Munum að þegar 2 – 5 manneskjur (börn eru líka manneskjur) eru lokað saman inni í litlu rými í bíl í heilan dag án þess að nokkur hafi möguleika á að draga sig í hlé og fá næði – verðum við að taka tillit til allra. Ferðalagið verður skemmtilegra þegar allir eru í góðu skapi og það er vel þess virði að syngja Atti katti nóna fimmtíu sinnum ef það þýðir að aftursætisfarþegarnir koma sælir og kátir í áfangastað.

4. Sumarfrí er uppeldi og kennsla. Ekki með skipulegum kennslustundum heldur með fordæmi og hegðun. Ef við viljum að börnin séu tillitssöm – skulum við taka tillit til þeirra og þeirra óska. Við getum líka haft mikil áhrif á það hvernig börnin okkar upplifa frí og áfengi – ef áfengisneysla okkar er mikil í sumarleyfum erum við að kenna börnunum að áfengi sé nauðsynlegt til að skemmta sér. **Foreldrar eru bestu kennarar barna sinna.**



5. Við getum rifjað upp okkar bestu minningar úr eigin æsku og reynt að læra af því. Við getum líka rifjað upp slæmar minningar ef við eigum þannig – og þar eru vítin til að varast. Góðu minningarnar eru til leiðbeiningar um það mikilvæga í lífinu.

Góða ferð og góða skemmtun!



Myndakeppni

Sumarið 2009

Myndasamkeppni AFLs Starfsgreinafélags 2009 skilaði bæði góðum árangri og ekki. Innsendar myndir voru mun færri en við áttum von á og eins virtist sem sumir þátttakendur hefðu ekki kynnt sér skilmálana því sumar góðar ljósmyndir komu ekki til greina til verðlauna af því þær tengdust ekki viðfangsefninu – dvöl í orlofshúsi AFLs Starfsgreinafélags.

Hér getur að líta nokkrar af myndunum sem bárust í keppni síðasta árs.

Við vekjum athygli á því að til að vinna þau glæsilegu verðlaun sem í boði eru í ár verður myndefnið að vera fjölskyldan og orlofshúsið – orlofssvæðið.

Það eykur mjög líkur myndar til verðlauna ef myndin dregur fram á jákvæðan hátt kosti orlofshússins eða svæðisins og undirstríkar ánægju fjölskyldunnar af samveru í orlofi. Það er ekki nauðsynlegt að stilla allri fjölskyldunni upp heldur ræður hugmyndaflug myndasmíðsins ferðinni.

Myndir sendist á myndir@asa.is í upprunalegri upplausn, fyrir 1. september 2010. AFL Starfsgreinafélag áskilur sér birtingarrétt á öllum innsendum myndum. Upplýsingar um vinningshafa verða birtar á heimasíðu félagsins þann 10. september 2010.



Myndakeppni 2010

Sumarið 2010

efnir AFL Starfsgreinafélag til myndasamkeppni um bestu myndina af eða úr sumardvalarstöðum félagsins.

Veitt verða 13 verðlaun, ein fyrir hvern stað.

Verðlaunin:

1. Glæsileg Canon myndavél.
- 2.–13. Helgardvöl í orlofsíbúðum félagsins á Akureyri og í Reykjavík.



1. verðlaun:
Canon PowerShot SX200 myndavél

**Gosia Libera**

Eskifjörður / Reyðarfjörður
sími: 470 0312
gsm: 845 1666

**Guðbjörg Ómarsdóttir**

Höfn
sími: 470 0319
gsm: 891 7174

**Guðrún Aradóttir
Djúpvogur**

Eskifjörður/Reyðarfjörður
sími: 470 0312
gsm: 845 1666

**Gunnar Smári
Guðmundsson**

Vopnafjörður
sími: 470-0303
gsm: 861-3054

**Ingibjörg Sigurðardóttir**

Neskaupstaður
sími: 470 0306
gsm: 868 8942

**Lilja Björk Ívarsdóttir**

Seyðisfjörður
sími: 470 0305
gsm: 869 7377

**Ragna Hreinsdóttir**

Reyðarfjörður
sími: 470 0311
gsm: 892 7881

**Sigurbjörg
Kristmundsdóttir**

Fáskrúðsfjörður /
Reyðarfjörður
sími: 470 0309
gsm: 868 5735

Starfsfólk AFLs

Til að hjálpa þér, til góðra verka.

**Sverrir Mar Albertsson**

Egilsstaðir
sími: 470 0302
gsm: 891 7058

**Gyða Vigfúsdóttir**

Egilsstaðir
sími: 470 0304
gsm: 865 6622

**Valborg Jónsdóttir**

Reyðarfjörður
sími: 470 0314
gsm: 893 7565

**Hjördís Þóra
Sigurþórsdóttir**

Höfn
sími: 470 0301
gsm: 894 5058

**Þorkell Kolbeins**

Höfn
sími: 470 0318
gsm: 893 6042



Breiðdalsvík

760 - Ásvegi 11
sími: 475 6773
fax: 475 6772



Hornafjörður

780 - Víkurbraut 4
sími: 470 0319
fax: 478 1538



Djúpivogur

765 - Mörk 12
sími: 470 0317
fax: 478 8143



Neskaupstaður

740 - Egilsbraut 11
sími: 470 0306
fax: 477 1227



Egilsstaðir

700 - Miðvangi 2-4
sími: 470 0304
fax: 471 2247



Reyðarfjörður

730 - Búðareyri 1
sími: 470 0310
fax: 474 1186



Eskifjörður

735 - Strandgötu 53
sími: 470 0307
fax: 476 1565



Seyðisfjörður

710 - Austurvegi 4
sími: 470 0305
fax: 472 1370

Starfsstöðvar félagsins

á 10 stöðum um allt Austurland



Fáskrúðsfjörður

750 - Skólavegi 72
sími: 470 0309
fax: 475 1438



Vopnafjörður

695 - Lónabraut 4
sími: 470 0303
fax: 473 1493

Póstáritun:
AFL Starfsgreinafélag
Miðvangi 2-4
700 Egilsstöðum

**Aðalsímanúmer
félagsins:**
4 700 300

Gleðilegt sumar!

**Starfsfólk AFLs sem hefur umsjón
með orlofshúsum:**

Lilja Björk Ívarsdóttir
sími: 4700 305 • lilja@asa.is

Gunnar Smári Guðmundsson
sími: 4700 303 • gunnar@asa.is

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofum
AFLs. Einnig er hægt að sækja um á
heimasíðu félagsins www.asa.is



Til góðra verka! Orlofssjóður

Orlof 2010